

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Stafrænt ráð

Efni: Umsögn um tillögu borgarstjóra um samstarf við KLAKE-Icelandic Startups um framkvæmd Hringiðu og Gulleggsins

Vísað er til bréfs, dagsett 18. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn frá stafrænu ráði um tillögu borgarstjóra, dags. 16. október 2023, um samstarf við KLAKE-Icelandic Startups um framkvæmd Hringiðu og Gulleggsins.

Samkvæmt atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar 2022 - 2030 eiga allar hugmyndir, bæði hagnaðardrífna og þær sem mæta samfélagslegum áskorunum að geta fundið sér greiðan farveg til framkvæmdar.

Gulleggið og Hringiða eru dæmi um nýsköpunarkeppni og hraðal sem eru hluti af þeirri virðiskeðju þar sem að nýjar hugmyndir fá áheyrn og tækifæri til þess að vaxa. Undanfarin ár hefur nýsköpunarumhverfið í Reykjavík eflst, m.a. vegna KLAKE-Icelandic Startups, og dýrmæt þekkingaruppbygging átt sér stað.

Í hröðum heimi tækni- og samfélagsbreytinga er mikilvægt að taka stöðuna reglulega ásamt því að greina hvernig hægt er að efla aðkomu Reykjavíkurborgar að stuðningsumhverfi nýsköpunar og að lausnum sem takast á við samfélagslegar áskoranir nútíðar og framtíðar.

Ein af áherslum stafræns ráðs fyrir árið 2024 er að móta stefnu, aðgerðir og ferla um hvernig Reykjavíkurborg getur stutt við vistkerfi samfélagslegrar nýsköpunar í samræmi við samþykktir ráðsins. Í komandi vinnu verður lagt upp með að rýna vistkerfið, greina virðiskeðjuna, koma auga á helstu áskoranir og skilgreina hlutverk Reykjavíkurborgar. Að lokinni þeirri rýni er markmiðið að sýnin sé skýrari með hvaða hætti aðkoma Reykjavíkurborgar verði að m.a. nýsköpunarkeppnum, lausnamótum, stafrænum smiðjum, styrkveitingum, hröðlum, tilraunasvæðum, frumkvöðlasetrum og klösnum sem styðja við opinbera og samfélagslega nýsköpun.

Stafrænt ráð leggur því til að borgarráð samþykki endurnýjun samnings við Klak-Icelandic Startup um Gulleggið og Hringiðu með eftirfarandi breytingum;

- Til eins árs í stað tveggja ára sbr. 3 gr.
- Með eftirfarandi viðbót undir 2. gr. sem Klak-Icelandic Startups skuldbindur sig til þess að framfylgja: „Hraðallinn verði einnig markvisst kynntur fyrir opinberum aðilum og atvinnulífinu í Reykjavík, með hvatningu um að veita starfsfólki sem



vinnur að nýskapandi lausnum í umhverfis- og loftslagsmálum svigrúm til þátttöku.“

- Eftirfarandi texti í gr. 2.2. verði fjarlægður: „[...]þó endanleg ákvörðun um slíkt hvíli hjá Klak-Icelandic Startups”.
- Með viðbót við gr. 2.5: „[...]áskoranir og Gagnahlaðborð Reykjavíkurborgar til verðandi[...].”

Einnig leggur stafrænt ráð til að sest verði niður að samningaborðinu á ný með Klak-Icelandic Startup til að ræða mögulega samstarfsfleti fyrir lok árs 2024 eða þegar niðurstöður fyrrgreindrar vinnu liggja fyrir.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
starfsmaður stafræns ráðs